

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Brynhildi Pétursdóttur um fundahöld.

1. *Hversu margir hefðbundnir fundir voru haldnir í ráðuneytinu árin 2014 og 2015 með starfsmönnum undirstofnana þess sem eru á landsbyggðinni?*

Eina starfsemi ráðuneytisins sem fellur undir fyrirspurnina er í tengslum við Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins sem starfrækir starfsstöðvar á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði. Verkefnum Þýðingamiðstöðvar er skipt niður á fjóra hópa eftir efnissviðum þeirra texta sem liggja til þýðinga. Hver hópur hefur á að skipa hópstjóra sem ber ábyrgð á þeirri vinnu sem hópurinn skilar af sér. Þrír hópstjórar eru staðsettir í Reykjavík og einn á Akureyri. Þýðendur eru staðsettir á öllum starfsstöðvum og að auki eru tveir í fjarvinnu. Hópstjórar halda hóp-fundi að jafnaði einu sinni í mánuði eða oftar eftir þörfum og er notast við fundarsíma fyrir þá sem eru ekki á staðnum. Sama gildir um hópstjórafundum sem framkvæmdastjóri heldur einu sinni í mánuði eða oftar með hópstjórum. Einnig eru haldnir almennir starfsmannafundir með allri deildinni og notast við fundarsíma fyrir starfsmenn á starfsstöðvunum.

2. *Hversu margir fjarfundir voru haldnir í ráðuneytinu umrædd ár með starfsmönnum stofnana þess sem eru úti á landi?*

Um það bil 40 fundir.

3. *Hver var kostnaður stofnana ráðuneytisins vegna ferða starfsmanna þess til og frá Reykjavík vegna funda í ráðuneytinu árin 2014 og 2015?*

Utanríkisráðuneytið hefur greitt ferðakostnað vegna starfsdags einu sinni á ári auk kostnaðar vegna tilfallandi tilvika, svo sem við námskeiðahald, Stjórnarráðsdaginn o.þ.h. Á árunum 2014 og 2015 nam þessi kostnaður 1.233.332 kr.

4. *Hefur starfsfólk ráðuneytisins fengið þjálfun í notkun á fjarfundabúnaði, bæði hvað varðar tæknilegu hliðina og fundarstjórn?*

Notast er við síma og því ekki þörf á sérstakri tæknilegri þjálfun.

5. *Telur ráðherra að unnt sé að auka skilvirkni og afköst í starfsemi ríkisins með notkun fjarfundabúnaðar og ef svo er, hvernig? Hefur ráðuneytið mótað og kynnt stefnu í þessu sambandi?*

Ráðuneytið hefur afar takmarkaða starfsemi á landsbyggðinni en nýtir fjarfundabúnað með miklum ágætum í samskiptum við starfsstöðvar Þýðingamiðstöðvar á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði. Hvað kjarnastarfsemi utanríkisráðuneytisins varðar er hins vegar mikil og tíð notkun á fjarfundabúnaði við sendiskrifstofur allan ársins hring og liggur þar til grundvallar fastmótuð stefna og hefð.